152. löggjafarþing 2021–2022. **Prentað upp.**
Þingskjal 361 — 257. mál. Ráðherra.

Fyrirspurn

til forsætisráðherra um starfshópa samkvæmt lögum um kynrænt sjálfræði.

Frá Andrési Inga Jónssyni.

1. Hvenær skipaði ráðherra sérfræðinefnd um breytingar á kynskráningu barna og varanlegar breytingar á ódæmigerðum kyneinkennum barna, sbr. 9. gr. laga um kynrænt sjálfræði? Hver eiga sæti í nefndinni? Hversu mörg mál hafa borist nefndinni til afgreiðslu?
2. Hvað líður störfum starfshóps um endurskoðun 11. gr. a laga um kynrænt sjálfræði, sem samkvæmt ákvæði til bráðabirgða átti að skipa innan þriggja ára frá gildistöku? Hvenær er búist við að starfshópurinn skili tillögum til ráðherra að mögulegum úrbótum í þágu barna sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni?
3. Hvenær skipaði ráðherra teymi sérfræðinga um börn sem fæðast með ódæmigerð kyneinkenni, sbr. 13. gr. a laganna? Hver eiga sæti í teyminu og hvenær tók það til starfa? Hefur það sett sér verklagsreglur? Hversu mörg mál hefur það tekið til afgreiðslu?

Skriflegt svar óskast.